

Fylgiskjal 3

Fundur stjórnar KSÍ, 22. nóvember 2019

Leyfisreglugerð KSÍ.

(Læknisskoðun leikmanna yngri fl. o.fl.).

Breytingar sem lagðar eru til eru **grænmerktar**.

Það sem lagt er til að falli út er **rauðmerkt** og **yfirstrikað**

Eftirfarandi breyting er lögð til á grein 17:

Grein 17 – Yngri lið

- Gerð er krafa um tiltekinn fjölda unglingaliða hjá leyfisumsækjanda sem eru skilgreindur hluti af félaginu, eða bundinn félaginu á löggildan hátt samkvæmt keppnisreglum KSÍ. Miða skal við eftirfarandi:
 - a.m.k. **tvö** (eitt fyrir *1. deild karla*) unglingalið á aldrinum 15-19 ára (2. og 3. flokkur),
 - a.m.k. **tvö** unglingalið á aldrinum 11-14 ára (4. og 5. flokkur), og
 - a.m.k. **eitt** lið fyrir aldurinn 10 ára og yngri (6. flokkur).Tengsl myndast ef félagið veitir fjárhagslegan og/eða tæknilegan stuðning við tengslalið sín og þau eru staðsett í sama umdæmi og félagið. Þessi stuðningur þarf að vera í eðlilegu samræmi við stærð félags, hverfis og sveitafélags.
Hlutdeild í sameiginlegum liðum („skástriksliðum“) getur ekki verið byggð á nafninu einu saman, nánar tiltekið þarf eðlilegt hlutfall leikmanna að koma frá sérhverju aðildarfélagi, ef liðið er t.d. til stærðar hverfis eða sveitarfélags þar sem félagið er með aðsetur.
- Liðin í 2., 3., 4. og 5. flokki verða öll að taka þátt í unglingakeppnum sem eru undir stjórn eða viðurkenndar af KSÍ. Leikmennirnir skulu vera skráðir hjá KSÍ.
Gert er ráð fyrir að lið í 6. flokki taki þátt í keppnum í miniknattspyrnu eftir því sem aðstæður leyfa og henta.
- Afreksleikmaður telst sá leikmaður í 2., 3., eða 4. aldursflokki, sem leikur með liði félags, sem er efst í keppnisröð innan síns aldursflokks (venjulega nefnt A-lið), og kemur til greina eða hefur verið valinn til þátttöku á afreks- og/eða landsliðsæfingum KSÍ. Félag skal skrá að lágmarki 18 leikmenn sem afreksleikmenn í hverjum þessara aldursflokka, nema iðkendafjöldi viðkomandi aldursflokks nái ekki þeim lágmarksfjölda.**

Eftirfarandi breyting er lögð til á grein 18:

Grein 18 – Læknisskoðun leikmanna

- Leyfisumsækjandi í efstu deild karla tryggir að allir leikmenn hans sem eru gjaldgengir í meistaraflokki fari árlega í almenna læknisskoðun, samkvæmt forskrift KSÍ. Staðfesting læknis á að læknisskoðunin hafi farið fram skal lögð fram af leyfisumsækjanda með leyfisumsókn.
- Leyfisumsækjandi í efstu deild, sem unnið hefur sér þátttökurétt í Evrópukeppni félagsliða, skal tryggja að allir leikmenn í meistaraflokki, sem eru gjaldgengir í mótinu, gangist undir læknisskoðun í samkvæmt reglugerð UEFA um læknisfræðileg málefni.
- Leyfisumsækjandi í efstu deild, sem unnið hefur sér þátttökurétt í Evrópukeppni félagsliða, skal tryggja að allir afreksleikmenn yfir 12 ára aldri (2., 3. og 4. flokkur), sbr. skilgreiningu í grein 17.3, fari í gegnum læknisskoðun fyrir viðkomandi keppnistímabil samkvæmt forskrift KSÍ og íslenskri löggjöf. Staðfesting læknis á að læknisskoðunin hafi farið fram skal lögð fram af leyfisumsækjanda með leyfisumsókn.**

Eftirfarandi breyting er lögð til á grein 39:

Grein 39 – Aðstoðarþjálfari meistaraflokks

- Leyfisumsækjandi í *efstu deild karla* verður að hafa skipað aðstoðarþjálfara meistaraflokks sem er aðalþjálfara til aðstoðar við knattspyrnulega stjórnun keppnisliðs félagsins.
- Hann verður a.m.k. að uppfylla eina af eftirfarandi lágmarkskröfum um menntun:
 - KSÍ B / UEFA B þjálfaragráðu sem er í gildi **og hafa lokið stigi KSÍ V**, eða
 - gilda þjálfaragráðu sem metin er sem sambærileg við KSÍ B / UEFA B og viðurkennd af UEFA sem slík, **og hafa lokið stigi KSÍ V**.

3. Ef félag í 1. deild karla ræður aðstoðarþjálfara vegna þjálfunar meistaraflokks, skal hann uppfylla sömu lágmarkakröfur um menntun, sbr. málsgrein 2.

Eftirfarandi breyting er lögð til á grein 42:

Grein 42 – Unglingaþjálfarar

1. Leyfisumsækjandi verður að hafa minnst einn þjálfara fyrir hvern aldursflokk 12 ára og eldri hjá félaginu, þ.e. 2., 3. og 4. flokk, sem hefur gilda KSÍ B / UEFA B þjálfaragráðu og hefur lokið stigi KSÍ V, og er ábyrgur fyrir flokknum og knattspyrnulegu uppeldi í honum. Aðrir þjálfarar í 2. flokki skulu a.m.k. hafa lokið KSÍ B/UEFA B en aðrir þjálfarar í 3. og 4. flokki skulu a.m.k. hafa lokið stigi KSÍ II.
2. Leyfisumsækjandi verður að hafa minnst einn þjálfara fyrir hvern aldursflokk yngri iðkenda en 12 ára, þ.e. 5. og 6. flokk. Þjálfarar í 5. og 6. flokki skulu a.m.k. hafa gilda KSÍ B / UEFA B þjálfaragráðu. Aðrir þjálfarar sem fást við þjálfun þessara flokka skulu a.m.k. hafa lokið stigi KSÍ II.
3. Almennt er ekki gert ráð fyrir að sami þjálfari geti verið ábyrgur fyrir meira en tveimur aldursflokkum.
4. A.m.k. 2 af þjálfurunum verða að vera með a.m.k. KSÍ B / UEFA B þjálfaragráðu.

Eftirfarandi breyting er lögð til á grein 1, 2 og 15 í Viðauka VII:

Viðauki VII: Leyfisforsendur fyrir Meistaradeild UEFA fyrir konur

1. Yngri lið

- a) Gerð er krafa um tiltekinn fjölda unglingaliða hjá leyfisumsækjanda sem eru skilgreindur hluti af félaginu, eða bundinn félaginu á löggildan hátt samkvæmt keppnisreglum KSÍ. Miða skal við eftirfarandi:
- i) a.m.k. eitt unglingalið á aldrinum 15-19 ára (2. og 3. flokkur),
 - ii) a.m.k. tvö unglingalið á aldrinum 11-14 ára (4. og 5. flokkur).
- b. Öll yngri lið kvenna á aldersbilinu 11-19 ára verða að taka þátt opinberum mótum sem eru undir stjórn eða viðurkennd af KSÍ.
- c. Afreksleikmaður telst sá leikmaður í 2., 3., eða 4. aldursflokki, sem leikur með liði félags, sem er efst í keppnisröð innan síns aldursflokks (venjulega nefnt A-lið), og kemur til greina eða hefur verið valinn til þátttöku á afreks- og/eða landsliðæfingum KSÍ. Félag skal að lágmarki skrá 18 elítu leikmenn í hverjum þessara aldursflokka, nema iðkendafjöldi viðkomandi aldursflokks nái ekki viðmiðuðum lágmarksfjölda.

2. Læknisskoðun leikmanna

- a) Leyfisumsækjandi í efstu deild, sem unnið hefur sér þátttökurétt í Meistaradeild UEFA fyrir konur, skal tryggja að allir leikmenn í meistaraflokki, sem eru gjaldgengir í mótinu, gangist undir læknisskoðun í samkvæmt reglugerð UEFA um læknisfræðileg málefni.
- b) Leyfisumsækjandi í efstu deild, sem unnið hefur sér þátttökurétt í Meistaradeild UEFA fyrir konur, skal tryggja að allir afreksleikmenn yfir 12 ára aldri (2., 3. og 4. flokkur), sbr. skilgreiningu í grein 1c í Viðauka VII, fari í gegnum læknisskoðun fyrir viðkomandi keppnistímabil samkvæmt forskrift KSÍ og íslenskri löggjöf. Staðfesting læknis á að læknisskoðunin hafi farið fram skal lögð fram af leyfisumsækjanda með leyfisumsókn.

15. Þjálfari unglingastarfs

Leyfisumsækjandi verður að hafa minnst einn þjálfara fyrir hvern aldursflokk kvenna 12 ára og eldri hjá félaginu, þ.e. 2., 3. og 4. flokk, sem hefur gilda KSÍ B / UEFA B þjálfaragráðu og hefur jafnframt lokið stigi KSÍ V, og er ábyrgur fyrir flokknum og knattspyrnulegu uppeldi í honum.

Greinargerð:

Breyting ofangreindra ákvæða eru í meginatriðum tilkomnar vegna breytinga sem orðið hafa á leyfisreglugerð UEFA og reglugerð KSÍ um menntun knattspyrnuþjálfara. Með þeim breytingum sem urðu á leyfisreglugerð UEFA árið 2018 var ljóst að innleiða þyrfti í leyfisreglugerð KSÍ m.a. skilyrði um árlega læknisskoðun leikmanna yngri flokka. Yrði það skilyrði a.m.k. að ná til þeirra félaga sem munu taka þátt í Evrópukeppnum UEFA á komandi keppnistímabili.

Lagt er til að fyrst um sinn muni krafan um læknisskoðun leikmanna yngri flokka einungis ná til þeirra þeirra félaga sem taka þátt í Evrópukeppni hverju sinni. Snýr tillagan að því að a.m.k. 18 leikmenn í hverjum aldursflokki (2., 3. og 4. flokki), þurfi að gangast undir læknisskoðun fyrir viðkomandi keppnistímabil samkvæmt forskrift KSÍ. Um ræðir svokallaða afreksleikmenn sem skilgreindir eru sem leikmenn sem leika með liði félags, sem er efst í keppnisröð innan síns aldursflokks (venjulega nefnt A-lið), og koma til greina eða hafa verið valdir til þátttöku á afreks- og/eða landsliðsæfingum KSÍ. Staðfesting læknis um að læknisskoðunin hafi farið fram á þessum tiltekna fjölda iðkenda skal lögð fram af leyfisumsækjanda/félagi með leyfisumsókn.

Aðrar breytingar eru, eins og fyrr segir, tilkomnar vegna breytinga sem orðið hafa á reglugerð KSÍ um menntun knattspyrnuþjálfara og voru samþykktar á fundi stjórnar KSÍ þann 8. ágúst 2019.